



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 138/1138

komudagur 8.3.2010


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 370. mál.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimild til strandveiða verði lögfest en að öðru leyti er fyrirkomulagið það sama og komið var á á síðasta fiskveiðiári með bráðabirgðalögum nr. 66/2009. Stjórn Sjómannasambands Íslands er jafn andsnúin strandveiðihugmyndinni nú og þegar bráðabyrgðaákvæðið var samþykkt á Alþingi á síðasta fiskveiðiári. Nú er gert ráð fyrir að strandveiðipotturinn verði aukinn í 6000 tonn og það magn tekið af útgerðum og sjómönnum sem hafa það að atvinnu að veiða fisk. Stjórn Sjómannasambands Íslands þykir það undarleg ráðstöfun að taka veiðiheimildir og þar með atvinnu af þeim sem hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum til þess eins að útvalinn flokkur smábáta og sportveiðimenn fái að veiða meira. Stjórn Sjómannasambands Íslands mótmælir frumvarpinu harðlega og vonast til að Alþingi sýni þá skynsemi að hafna þessu frumvarpi.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson